

**Ed.**

### **455. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936 [Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o. fl.].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

#### **1. gr.**

Jarðir þær, sem um getur í 4. tölul. 1. gr., skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað og Gullbringusýslu, þannig, að sýslan fái í sinn hlut lítt ræktanlegt beutiland jarðanna til sumarbeitar fyrir sauðfé, samkvæmt skiptagerð, sem framkvæmd var af hinni þar til kjörnu matsnefnd, sbr. niðurlag þessarar greinar, 1. maí 1939, en Hafnarfjarðarkaupstaður fái jarðirnar að öðru leyti með öllum gögnum og hlunnindum, sem jörðunum fylgja og fylgja ber, að undanteknum námuréttindum.

Báðir aðilar, sýslan og bæjarsjóður, greiði rikissjóði það, sem hann hefir greitt fyrir jarðirnar, og í þeim hlutföllum, sem matsnefndin hefir ákveðið. Rikissjóður skal þó hafa rétt til að kaupa síðar þau hitaréttindi, sem hann kann að þurfa í sambandi við námurekstur eða annað og Hafnarfjarðarkaupstaður þarf ekki að halda á til sinna þarfa. Fyrir þessi hitaréttindi skal rikissjóður greiða hlutfallslega sama verð og hitaréttindin hafa kostað Hafnarfjarðarkaupstað samkvæmt mati á hitaréttindunum, þegar kaupstaðurinn fékk þau, að viðbættu því, sem hann hefir sameiginlega til þess kostað með árangri að auka þau. Skylt skal Hafnarfjarðarkaupstað að haga ræktun og úthlutun landsins samkvæmt fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

#### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.